

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**5. október 2021**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útboð allra þátta stafrænnar umbreytingar**

Lagt er til að Reykjavíkurborg bjóði út alla verkþætti, frá hönnun til þróunar og hugbúnaðargerðar, vegna verkefnisins Stafræn umbreyting. Innkaupasviði Reykjavíkurborgar verði falið að vinna að útboðum og hafa fyrstu útboðsgögn tilbúin 1. desember 2021.

**Greinargerð**

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að verja 10 milljörðum í stafræna umbreytingu sem felur meðal annars í sér hugbúnaðarþróun. Fjárhæðin er gríðarlega há og ljóst að með útboðum er hægt að spara fjármuni og auka skilvirkni. Með því að bjóða út verkþætti er skýr aðgreining milli verkkaupa og verksala. Þannig er unnt að hafa betri eftirfylgni með framvindu verks og hafa eftirlit með mælanlegum markmiðum. Stafrænt Ísland er stórt átaksverkefni ríkisins þar sem allir verkþættir hafa verið boðnir út og engin innvistun átt sér stað. Lagt er til að Reykjavíkurborg líti til þess verkefnis sem fyrirmyndar og fylgi aðferðarfræðinni hjá Stafrænu Íslandi. Fjölmargir aðilar hafa gagnrýnt fyrirhugað verklag borgarinnar, sem felur í sér innvistun og ráðninga tuga sérfræðinga á ýmsum sviðum í beinni samkeppni við fyrirtæki í borginni. Má nefna Samtök iðnaðarins og fulltrúa upplýsingatækniíðnaðar.